

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Hafnarfirði.

Breytingin felst m.a. í að Keiliás er lagður niður og lega Ásbrautar breytist. Austasta hringtorgið færast til vegna spennistöðvar og lóð spennistöðvar minnkar. Lóðir breytast og fjölgar um eina. Stærðir lóða og hámarksbyggingarmagn breytist sem og byggingarreitir. Lega stígs vestast á svæðinu breytist og mörk skipulagssvæðis. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn þann 1. júní 2004. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Engar athugasemdir bárust.

Hafnarfirði, 1. september 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 frá 27. júní 2002 um stofnun Siglingaöryggisstofnunar Evrópu, sem vísað er til í EES viðbæti nr. 560 í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003 frá 20. júní 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2003, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 51 dags. 9. október 2003 (bls. 21), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 18. ágúst 2004.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.